

Vínblaðið

1. tbl. 11. árg. mars 2013


FRÍTT EINTAK!

 VÍNBUÐIN



Afgreiðslutími

VÍNBUÐA



Sjá upplýsingar um afgreiðslutíma á heimasíðu www.vinbudin.is

Höfuðborgarsvæðið		mán.-fim.	fös.	lau.	sími	heimilisfang
Austurstræti		11-18	11-19	11-18	562-6511	Austurstræti 10a, 101 Rvk
Borgartún		11-18	11-19	11-18	561-8001	Borgartúni 26, 105 Rvk
Dalvegur		10-20	10-20	11-18	564-5070	Dalvegi 2, 201 Kóp
Eiðistorg		11-18	11-19	11-18	561-1800	Eiðistorgi 13, 170 Seltj.
Hafnarfjörður		11-18	11-19	11-18	565-2222	Fjarðargötu 13-15, 220 Hafn
Heiðrún		11-18	11-19	11-18	560-7701	Stuðlahálsi 2, 110 Rvk
Kringlan		11-18	11-19	11-18	568-9060	Kringlunni 4-12, 103 Rvk
Mosfellsbær		11-18	11-19	11-18	586-8150	Pverholti 2, 270 Mosfellsbæ
Skeifan		10-20	10-20	11-18	588-3100	Skeifunni 5, 108 Rvk
Skútuvogur		10-20	10-20	11-18	568-9008	Skútuvogi 2, 104 Rvk
Smáralind		11-18	11-19	11-18	544-2112	Hagasmára 1, 201 Kóp
Stekkjarkakki		11-18	11-19	11-18	567-0400	Stekkjarkakka 6, 109 Rvk
Landsbyggðin		mán.-fim.	fös.	lau.	sími	heimilisfang
Akranes	Vetur	12-18	11-19	11-14	431-2933	Þjóðbraut 13, 300 Akranes
	Sumar	11-18	11-19	11-16		
Akureyri		11-18	11-19	11-18	462-1655	Hólbraut 16, 600 Akureyri
Blönduós	Vetur	14-18	14-19	lokað	452-4501	Aðalgötu 8, 540 Blönduós
	Sumar	14-18	13-19	11-14		
Borgarnes	Vetur	12-18	11-19	11-14	431-3858	Borgarbraut 58-60, 310 Borgarnes
	Sumar	11-18	11-19	11-16		
Búðardalur	Vetur	17-18	14-18	lokað	434-1303	Vesturbraut 15, 370 Búðardalur
	Sumar	17-18	14-19	12-14		
Dalvík	Vetur	14-18	12-19	lokað	466-3430	Hafnarbraut 7, 620 Dalvík
	Sumar	11-18	11-19	11-14		
Djúpivogur		17-18	14-18	lokað	478-8270	Búlandi 1, 765 Djúpivogur
Egilsstaðir	Vetur	12-18	11-19	11-14	471-2151	Miðvangi 2-4, 700 Egilsstaðir
	Sumar	11-18	11-19	11-16		
Fáskrúðsfjörður		17-18	14-18	lokað	475-1530	Skólavegi 59, 750 Fáskrúðsfjörður
Flúðir	Vetur	17-18	14-18	lokað	487-8701	Akurgerði 4, 845 Flúðir
	Sumar	17-18	14-19	12-14		
Grindavík		14-18	12-18	lokað	426-8787	Vikurbraut 62, 240 Grindavík
Grundarfjörður		17-18	14-18	lokað	438-6994	Grundargötu 38, 350 Grundarfjörður
Hella	Vetur	14-18	14-19	11-14		Suðurlandsvegi 1, 850 Hella
	Sumar	11-18	11-19	11-16		
Hólmavík	Vetur	17-18	14-18	lokað	461-2114	Höfðatúni 4, 510 Hólmavík
	Sumar	17-18	14-19	12-14		
Húsavík	Vetur	14-18	14-19	lokað	464-2230	Garðarsbraut 21, 640 Húsavík
	Sumar	11-18	11-19	11-14		
Hvammstangi		17-18	14-18	lokað	455-2321	Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi
Hveragerði	Vetur	12-18	11-19	11-16	481-3932	Breiðumörk 1, 810 Hveragerði
	Sumar	11-18	11-19	11-16		
Hvolsvöllur	Vetur	14-18	14-19	11-14	486-1886	Austurvegi 3, 860 Hvolsvöllur
	Sumar	11-18	11-19	11-16		
Höfn	Vetur	14-18	14-19	lokað	471-3267	Miðbær, Litlabrú 1, 780 Höfn
	Sumar	14-18	11-19	11-16		
Ísafjörður	Vetur	12-18	11-19	11-14	456-3455	Aðalstræti 20, 400 Ísafjörður
	Sumar	11-18	11-19	11-16		
Kirkjubæjarklaustur	Vetur	17-18	14-18	lokað	482-2122	Klausturvegi 15, 880 Kirkjubæjarklaustur
	Sumar	17-18	14-19	12-14		
Neskaupstaður		14-18	14-18	lokað	477-1890	Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstaður
Ólafsvík	Vetur	14-18	14-18	lokað	436-1226	Ólafsbraut 55, 355 Ólafsvík
	Sumar	14-18	13-19	11-14		
Patreksfjörður	Vetur	14-18	14-18:30	lokað	456-1177	Þórsögju 10, 450 Patreksfjörður
	Sumar	14-18	14-19	11-14		
Reyðarfjörður		14-18	14-19	11-14	474-1406	Hafnargötu 2, 730 Reyðarfjörður
Reykjanesbær		11-18	11-19	11-16	421-5699	Krossmóm 4, 260 Reykjanesbær
Sauðárkrúkur	Vetur	12-18	11-19	11-14	453-5990	Smáragrund 2, 550 Sauðárkrúkur
	Sumar	11-18	11-19	11-16		
Selfoss		11-18	11-19	11-16	482-2011	Vallholti 19, 800 Selfoss
Seyðisfjörður		17-18	14-18	lokað	472-1101	Hafnargötu 4a, 710 Seyðisfjörður
Siglufjörður	Vetur	14-18	14-19	lokað	467-1262	Eyrargötu 25, 580 Siglufjörður
	Sumar	14-18	13-19	11-14		
Stykkishólmur	Vetur	14-18	14-18	lokað	430-1414	Aðalgötu 24, 340 Stykkishólmur
	Sumar	14-18	13-19	11-14		
Vestmannaeyjar	Vetur	12-18	11-19	11-14	481-1301	Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjar
	Sumar	11-18	11-19	11-16		
Vík í Mýrdal	Vetur	17-18	14-18	lokað	486-8660	Ránarbraut 1, 870 Vík
	Sumar	17-18	14-19	12-14		
Vopnafjörður		17-18	14-18	lokað	471-2200	Hafnarbyggð 4, 690 Vopnafjörður
Þorlákshöfn		17-18	14-18	lokað	481-3963	Selvogsbraut 41, 815 Þorlákshöfn
Þórshöfn		17-18	14-18	lokað	468-1106	Langanesvegi 2, 680 Þórshöfn

EFNISYFIRLIT

Leiðari	2
Fréttir úr Vínbúðunum	3
Vín Suður-Frakklands	4
Freyðivín	5
Fréttir úr Vínheiminum	6
Vinsælustu drykkirnir 2012	8
Vínráðgjafar velja	12
Með hraðlest hugans til Suður- Frakklands	14
Veisla frá Suður-Frakklandi	16
Árgangatafla ÁTVR	18
Vöruskrá	19

Vöruskrá

• Rauðvín	20
• Hvítvín	32
• Sætvín	42
• Rósavín	43
• Freyðivín	44
• Kassavín	46
• Aðrir gerjaðir drykkir	47
• Styrkt vín og kryddvín	48
• Bitter og líkjör	50
• Sterkt áfengi	52
• Annað áfengi undir 15%	57
• Bjór	58
• Páskabjór	61
• Gjafavara	62
• Óáfengt	62
• Bjórkútar	62
• Viðurkennd lífræn vottun	63

Matartákn

64

Vínblaðið, 1. tbl. 11. árg. mars 2013

Útgefandi: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR

Ábyrgðarmaður: Ívar J. Arndal

Ritstjóri: Guðfinna Ásta Birgisdóttir

Ritstjórn: Gissur Kristinsson, Guðfinna Ásta Birgisdóttir,
Júlíus Steinarsson, Páll Sigurðsson og Skúli Þ. Magnússon

Hönnun, umbrot og prentun: Oddi umhverfsvottuð prentsmiðja / P13.01.180



ISSN-1670-7532

Öll verð og verðbreytingar birtast í vörulista á heimasíðu ÁTVR, www.vinbudin.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur. Áskilinn er réttur til leiðréttinga.



Leiðari

Á síðasta ári jókst sala í magni í fyrsta skipti síðan árið 2009. Sala dróst síðast saman meira en þrjú ár í röð árin 1990, 1991 og 1992. Samtals hefur neyslan dregist saman um 1,8 milljónir lítra (eða 3,6 milljónir hálfslítra bjórdósa. Slíkt magn dugar til að fylla yfir 2000 vörubretti og þekja yfir 2000 fermetra). Það hafa þó ýmsar merkilegar breytingar orðið í neyslu áfengis á þessum árum samdráttar, ekki síst sú að sala á sterku áfengi eins og vodka, rommi og líkjörum hefur dregist saman um 25-30%. Sú neysla hefur ekki öll farið í beinan samdrátt, því nokkrir flokkar vöru hafa aukist verulega í sölu á þessu samdráttartímabili, ekki síst hvítvín, sem hefur aukist um tæplega 4% á meðan rauðvínssala hefur dregist saman um tæplega 3%. Það eru þó aðrir bjórar en lagerbjórar sem hafa aukist verulega á tímabilinu og gefur það ákveðna vísbendingu um breytingu á bjórsmekk landans. Ölflokkurinn hefur aukist í magni um 56% síðan árið 2009 og aðrar bjórtegundir en lagerbjórar og öl um 200%. Gissur vínfræðingur mun taka snúning í blaðinu á sölunni á síðasta ári og skoða betur hvernig salan er að þróast.

Í þessu Vínblaði ætlum við að fræða ykkur um Suður-Frakkland - sem sumir segja vera vöggu víngerðar í Evrópu - matinn, vínin og ekki síst menningu svæðisins, sem innfæddir kalla Occitaníu og er menningarlega töluvert frábrugðin Frakklandi norðanverðu.

Í blaðinu kynnum við einnig með stolti nýjan lið, „Vínráðgjafinn mælir með“, þar sem þír vínráðgjafar okkar fá sömu mataruppskriftina og fá síðan það verkefni að velja vín með réttinum. Það verður spennandi að sjá hverju vínráðgjafarnir Siggí, Sædís og Sigmar mæla með og hvort þau eru á svipaðri línu í ráðgjöf sinni.

Að lokum er rétt að minnst á að nú í febrúar var lokið við endurbætur á Vínbúðinni í Austurstræti, en innréttingarnar þar voru óbreyttar frá opnun búðarinnar á vormánuðum ársins 1992. Breytingarnar heppnuðust að okkar mati ákaflega vel og við vonum að sjálfsögðu að viðskiptavinir okkar séu sammála.

Einar S. Einarsson
framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs



Vínbúðin Austurstræti opnar eftir endurbætur

Vínbúðin Austurstræti hefur nú opnað á ný eftir miklar endurbætur. Gólf, lofti, ljósum og innréttingum var skipt út og er búðin nú algjörlega umbreytt, björt og falleg. Fyrri hönnun var frá árinu 1992 og því kominn tími á andlitslyftingu. Verið velkomin í breytta og bætta Vínbúð í Austurstræti.



Vínbúðin Kirkjubæjarklaustri opnar á nýjum stað

Vínbúðin Kirkjubæjarklaustri hefur nú opnað í nýju og glæsilegu húsnæði að Klausturvegi 15. Nýja Vínbúðin er sjálfsafgreiðsluverslun en áður var afgreiðslan yfir borð. Á undanförunum árum hefur þeim Vínbúðum fækkað mjög þar sem afgreitt er yfir borð og eru nú eingöngu fimm Vínbúðir af 48 sem hafa það fyrirkomulag.

Opnunartíminn verður sá sami og áður þ.e. yfir veturinn er opið mán.-fim 17-18 og frá kl. 14 – 18 á föstudögum. Yfir sumartímann er opið lengur.

Við bjóðum viðskiptavinum velkomna á nýja staðinn.



Þemadagar

Í mars eru þemadagar í Vínbúðunum og að þessu sinni beinum við sjónum okkar að Suður-Frakklandi og þeim frábæru vínunum og réttum sem þaðan koma. Í Vínbúðum og á vinbudin.is má nálgast fallegan bækling með lista yfir vín frá Suður-Frakklandi, fróðleik um þetta spennandi svæði og girnilegar uppskriftir eftir Friðgeir Inga Eiríksson á Holtinu. Bon appétit!



Vínbúðin Grundarfirði flytur

Vínbúðin Grundarfirði flytur sig um set og opnar í nýju og skemmtilegu húsnæði að Grundargötu 38 í lok mars. Vínbúðin verður nú sjálfsafgreiðslubúð, en áður var afgreitt yfir borðið. Opnunartíminn verður áfram 17-18 mánudaga-fimmtudaga og 14-18 á föstudögum.



Ánægðustu viðskiptavinirnir í smásölu þriðja árið í röð

Niðurstöður í Íslensku ánægjuvöginu voru kynntar 21. febrúar og hlutu Vínbúðirnar hæstu einkunn fyrirtækja á smásölumarkaði.

Íslenska ánægjuvögin er könnun sem Samtök iðnaðarins, Stjórnvísí og Capacent Gallup standa sameiginlega að. Markmið Ánægjuvogarinnar er að láta fyrirtækjum í té samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina en einnig nokkrum öðrum þáttum sem hafa áhrif á hana s.s. ímynd, mat á gæðum og tryggð viðskiptavina.


Við þökkum viðskiptavinum okkar sem völdu Vínbúðirnar besta fyrirtækið í flokki smásöluvyrirtækja og starfsfólki sem gerir viðskiptavinum okkar ánægða á hverjum degi.

Takk fyrir okkur!

BON APPÉTIT

SUÐUR-FRAKKLAND

Það eru einungis 10-20 ár síðan Suður-Frakkland var þekktast fyrir vín sem höfðu þá höfuðdygð að vera ódýr en voru síður kunn að ágæti. Margt hefur breyst frá þessum tíma. Í Suður-Frakklandi eru enn gerð ódýr í miklu magni en nú má líka finna þar marga smærri framleiðendur gæðavína sem hafa endurlífgað vingarða og tækjabúnað, innleitt notkun á nýrri eik og prófað sig áfram með þrúgur. Í kjölfarið hefur ímynd svæðisins breyst frá því að vera gamaldags með áherslu á magn, í að vera fjölbreytt með spennandi gæðavin úr þrúgum sem margar hverjar eru fáséðar annars staðar.



RÓSAVÍN

Rósavinin eru flest úr Grenache og Cinsault, fremur einföld og þægileg, og eiga vel við á heitum sumardögum sem eru algengir við Miðjarðarhafsströnd Frakklands. Þekktustu rósavinin koma frá Tavel, Lirac og Cotes de Provence.

STYRKT VÍN

Vins Doux Naturels eru styrkt vín gerð með því að bæta hreinum vínanda við hálfgerjaðan safa. Þannig fæst sætt vín með 15-20% alkóhólmagn miðað við rúmmál. Algengustu þrúgur í þessa framleiðslu eru hvítur múskat (t.d. Muscat de Beaumes de Venises), Alexandríu-múskat (Muscat de Rivesaltes) og Grenache (Rasteau, Banyuls, Maury og Rivesaltes).

HVÍTVÍN

Lítið er gert af hvítvínunum í Suður-Frakklandi. Nokkuð er um Chardonnay og Sauvignon en Grenache, Marsanne og Viognier eru helstu heimaprúgurarnar. Dæmigerð vín eru mjúk, mild og ilmfrík.

LANGUEDOC-ROUSSILLON

Languedoc-Roussillon er mesta vínfamleiðslusvæði Frakklands. Mikilvægasta vínið er Pays d'Oc, sem er nokkurs konar allsherjar upprunanafn fyrir vín frá Miðjarðarhafshéruðunum vestan Rhone, þar á meðal bæði Languedoc og Roussillon.

- Síffellt fleiri smáhéruð öðlast viðurkenningu. Þar má nefna Languedoc, Minervois, Pic St. Loup og fleiri. Vín frá svæðinu eru mörg úr Syrah, Grenache og Mourvedre og sum eru blönduð Cabernet eða Merlot.
- Í Roussillon lífir Carignan þrúgan hvað bestu lífi og getur verið stór hluti af rauðu Cotes du Roussillon víni. Þarna er einnig helsta framleiðsla styrktra vína (VDN) í Frakklandi.

RHONE

Í NORÐURLUTA RHONE-DALSINS eru vingarðar við árbakkann eða a.m.k. skammt undan. Loftslagið er meira „meginlands“ heldur en sunnar þar sem temprandi áhrifa Miðjarðarhafshafsins gættir. Syrah er ráðandi þrúgutegund.

- Cote-Rotie og Hermitage eru kröftug rauðvín sem flest eru nú hrein Syrah-vín. Áður var algengt að „léttu“ þau með smáskammti af hvítu víni. Bæði eldast vel og eru meðal eftirsóttustu vína heims.

Í SUÐURLUTA RHONE-DALSINS eru Grenache, Syrah og Cinsault algengustu þrúgurarnar.

- Rautt Cotes-du-Rhone er helsta vínið frá Rhone-dalnum, oftast blandað úr Grenache, Cinsault, Syrah og Mourvedre þótt fleiri þrúgur geti komið við sögu. Þetta eru oftast létt og aðgengileg vín sem jafnvel eru til í en primeur stíl.
- Chateaneuf-du-Pape var fyrsta svæðið sem var úthlutað „appellation“ árið 1923. Eins og víðar í Suður-Rhone er Grenache helsta þrúgan og sum Chateaneuf eru að öllu leyti Grenache. Önnur eru blönduð enda eru leyfðar 13 þrúgutegundir. Þetta eru alkóhólrík vín, með þétt tannín og þéttan, kryddaðan ávöxt.

PROVENCE

Provence var áður þekkt fyrir rósavin sem selt var í fagurlöguðum flöskum. Þau eru enn til en nú finnst þar einnig fjölmörg gæðavin. Kunnust þeirra eru Bandol, sem eru að mestu gerð úr Mourvedre en eru oft blönduð Grenache eða Cinsault. Þetta eru dökk og þétt vín sem eru tannisk og þurfa geymslu.

ÞRÚGUR

SYRAH

Þekktasta suður-franska þrúgan er Syrah. Eiginleg heimkynni hennar eru í Norður-Rhone þar sem úr henni eru framleidd Hermitage, Cote-Rotie og fleiri frábær vín. Í öðrum héruðum Suður-Frakklands hefur Syrah yfirleitt verið blönduð með öðrum þrúgum en síðustu ár eða áratugi er hún í vaxandi mæli notuð ein og sér. Vín úr Syrah geta verið margs konar en dæmigert vín er dökkt, þétt, berjaríkt og kryddað, með töluverð tannín.

GRENACHE

Grenache er líklega útbreiddasta þrúgan í Suður-Frakklandi, enda henta eiginleikar hennar vel til blöndunar. Sjálf færir hún alkóhól og fyllingu en þiggur til dæmis tannín frá Mourvedre, sýru frá Carignan og lit og ávöxt frá Syrah. Engu að síður eru bestu Grenache-vín framúrskarandi og nægir að nefna Chateaneuf-du-Pape.

MOURVEDRE

Mourvedre þrífst best í heitu loftslagi og er ein þeirra þrúgna sem eru algengar í suður-frönskum blöndum. Vínin eru oft tannisk en hafa kryddaðan og bakaðan ávöxt og þurfa tíma.

CINSAULT

Cinsault er algeng blöndunarþrúga í léttari rauðvín og rósavin. Hana skortir nokkuð lit og tannín en færir í staðinn léttan ávöxt, sem hentar vel með Grenache í rósavinum.

CARIGNAN

Carignan hefur djúpan lit, sýru og tannín og er því góð stuðningsþrúga í blöndum. Þar sem áhersla hefur verið lögð á að halda uppskeru í skefjum hefur víða tekist að gera vín úr Carignan sem eru þétt og kröftug. Frægustu Carignan vínin koma raunar ekki frá Frakklandi heldur frá Priorat í Katalóníu, gerð úr eldgömlum vínið sem gefur litla uppskeru.

VIIGNIER

Viognier er þekktasta hvíta þrúgan í Suður-Frakklandi. Frægustu Viognier-vínin koma frá Condrieu í Norður-Rhone, eru mjúk og ilmfrík. Viognier er erfið í ræktun og það hefur tafið útbreiðslu hennar.

MUSCAT

Múskatvín eru ilmfrík með einkennandi vínberjakeim. Til eru mörg afbrigði múskatþrúgna en tvö eru algeng í Suður-Frakklandi: „Alexandríu-múskat“ og „hvítur múskat“ (muscat blanc a petits grains) sem er talinn finni. Hvíti múskatinn hentar vel til að gera létt hvítvín, sæt vín, o.fl. Úr Alexandríu-múskat eru einkum gerð sæt, styrkt vín.



Freyðivín

Hver kannast ekki við hið skemmtilega hljóð þegar tappa er skotið úr freyðivínsflösku? Þá myndast fjör og háttíðarstemning svífur yfir vötnum. Þó fræðin segi að opna eigi freyðivínið þannig að líkist sem mest hefðarkonuandvarpi þá er nú töluvert meiri stemning yfir smellinum og látunum. Menn gera sér dagamun með freyðivíninu svo ekki sé talað um kampavínið, sem að öðru freyðivíni ólöstuðu telst vera í fararbroddi.

En hvað skal velja; þurrt, hálfþurrt, hálsætt eða bara sætt freyðivín? Þurrt er oftari tekið í upphafi máltíðar svona til að koma munnvatnskirtlunum af stað en sætt frekar með desertum eða kökum. Reglan segir sætt með sætu en þurrt með forréttum, skelfiski og smáréttum ýmisskonar. Athugið að góð freyðivín, og að sjálfsgöðu kampavín, eru frábær matarvín.

Úrvalið af freyðivínum er sífellt að aukast og seljast nú freyðivín frá flestum löndum. Þó að gamli heimurinn hafi sterkari

markaðshlutdeild er sá nýi alltaf að sækja í sig veðrið. Nú eru fáanleg Cremant vín frá Frakklandi, sem eru freyðivín sem framleidd eru annars staðar en í Champagne en gerð á sama máta. Spænsku Cava vínin eru vinsæl, ítölsku Prosecco og sætu vínin frá Asti svo einhver séu nefnd.

Magn í veislur er vinsæl spurning, en flaska af freyðivíni gefur 7 glös að lágmarki og rétt er að reikna með ríflega 2 glös um mann.

Hvernig væri að nýta tækifæri til að halda upp á eitthvað skemmtilegt hvort sem um er að ræða brúðkaup, útskrift, afmæli eða bara skemmtilegan áfanga í lífinu og skjótum freyðivínstappa úr með smá hveli?



Júlíus Steinarsson
vínráðgjafi

FURVÍNHE

VERÐ Á GÆÐAVÍNUM BÚRGUNÐAR HÆKKA ENDALAUST!

Það er hreint út sagt ótrúlegt hvað gæðavin Búrgundarhéraðsins í Frakklandi hafa hækkað undanfarin ár og eru allar líkur á að sú þróun haldi áfram. Þetta gerist þegar Asía uppgötvar gæði þessara vína. Undanfarin ár hafa Kínverjar aðallega sóst eftir hinum frægu Chateau vínunum frá Bordeaux, en það er heldur betur að snúast við, þar sem á uppboði í Hong Kong í byrjun þessa árs fengust bestu verðin fyrir frægustu Búrgundarvínin. Kínverjar eru sem sagt búnir að uppgötva Romenée Conti og Richebourg.

En það er ekki bara þetta sem orsakar hækkunina heldur er eftirspurnin eftir þessum vínunum að aukast um allan heim. Hin himinháu verð í Bordeaux síðustu ár hafa aukið eftirspurnina eftir Búrgund. Ekki er hægt að auka framleiðsluna í bestu görðunum þar og dugar hún ekki lengur til að anna eftirspurninni. Því hafa framleiðendur þurft að skammta eftirsóttustu vínin til umboðsmanna sinna um allan heim. Það verður því þrautin þyngri fyrir framleiðendur í Búrgund að halda hinum gömlu rógtrónu mörkuðum í Evrópu ánægðum, á sama tíma og þeir þurfa að sinna hinum gríðarlega stóra markaði sem þeir eru að opna í Asíu.

Síðast en ekki síst er ástæða verðhækkunarinnar núna uppskerubrestur síðasta árs. Þá gekk á með frostum að vori, miklum rigningum, feikilegum þurrki og hagléjum yfir sumarið og síðan miklum rigningum og myglu í berjaklösunum um haustið, þegar uppskeran nálgadist. Sagan segir að sumsstaðar séu uppskerutölur niður um ein 60%, sem er mikið áfall fyrir bændur Búrgundar.

Þetta gerir það að verkum að við þurfum að borga margfalt verð fyrir þessi frábæru vín, ef öfgarnar halda áfram í veðráttunni, nú eða ef íbúar Asíu missa sig algerlega í kaupum á bestu vínunum Búrgundar.



RÚSSAR TAKA Á OFDRYKKJU!

Nú eru Rússarnir að gera eina tilraunina enn til þess að draga úr ofneyslu áfengis í landinu. Lög sem Medvedev, þáverandi forseti, setti í júlí árið 2011, tóku gildi fyrsta janúar síðastliðinn. Þar er bjór nú skilgreindur með vodkanum sem áfengur drykkur. Það er því nokkuð ljóst að ráðamenn vilja ná stjórn á ástandinu.

Til marks um það hversu alvarlegt það hefur verið, þá eru dauðsföll af völdum ofdrykkju ótrúlega algeng í Rússlandi. Alþjóða heilbrigðismálastofnunin telur að dauða eins af hverjum fimm látnum karlmönnum í Rússlandi megi rekja til ofdrykkju og talan fyrir kvenfólkið sé rétt um 6%.

Sala bjórs hefur verið algerlega frjáls, en verður nú takmörkuð við ákveðnar búðir, bari og veitingahús sem hafa ákveðin leyfi til sölnnar. Ekki nóg með það, heldur verður öll sala á bjór bönnuð milli 23:00 að kveldi og 08:00 á morgnana. Skattar hafa líka verið hækkaðir á bjórinn. Á síðasta ári hækkuðu skattar á bjór um 20%, áætlanir fyrir þetta ár hljóða upp á 25% hækkun og plön eru um önnur 20% árið 2014.

En hvað sem þessum vangaveltum um áfengissýki í Rússlandi líður þá er það svo að tvö risafyrirtæki í bjórframleiðslu á heimsmarkaðinum eru uggandi yfir þessu útspli stjórnvalda í Rússlandi. Þetta eru AB InBev og Carlsberg, sem töldu á sínum tíma að markaðurinn í Rússlandi væri sérlega gróðavænlegur og myndi stækka ört á næstu áratugum. Nú er væntanlega þessi lagasetning Rússa að gera gróðavonir þessara rísa heldur fátæklegri en áður.



TUGTHÚSLIMIR KÆRA VÍN- OG BJÓRFRAMLEIÐENDUR

Fimm fangar í bandarísku fangelsi hafa nú kært fjölda bjór- og vínframleiðenda, þar sem þeir taka fram að þeir hafi brotið af sér í ölaði. Þeir vilja sem sagt fá bætur frá framleiðendum áfengra drykkja, fyrir það að hafa lent í sínum ógöngum sökum áfengisdrykkju.

Rökin í þessari mállsókn fanganna eru þau að framleiðendur áfengra drykkja, sem þeir neyttu, hafi ekki varað sig nægilega á þeirri staðreynd að áfengisneysla sé ávanabindandi, eða sjúkdómur. Á meðal þeirra fyrirtækja sem lögsótt eru í þessum málum eru Anheuser-Busch InBev, Brown-Forman, E&J Gallo og Pepsi Cola.

Fangarnir í ríkisfangelsinu í Idaho vilja sem sagt meina að þeir hafi neytt áfengis í þeirri góðu trú að þeir yrðu ekki háðir því. Í réttarskjölnunum segir til dæmis: „aldrei nokkurn tímann, áður en ég varð áfengissjúklingur, var mér bent á það að neysla áfengis gæti orðið ávanabindandi“. Einn fanganna sem situr inni með 30 ára dóm á bakinu, fyrir að hafa skotið mann og skilið hann eftir helsæðan í blóði sínu, staðhæfir að þetta hefði hann aldrei gert nema fyrir það að hafa verið drukkinn þegar árasin átti sér stað.

Það er rétt að geta þess að ekkert ofangreindra fyrirtækja hefur ennþá brugðist við þessum ákærum fanganna.

IRMINNUM



VÍNSÝNINGIN Í DÜSSELDORF

Þann 24. – 26. mars næstkomandi verður hin árlega vínsýning í Düsseldorf haldin. Þetta er að verða ein af flottustu og mest sóttu vínsýningum heims. Þessi sýning er komin fram úr London Winefair í vinsældum og er alvarlega farin að veita Vinexpo í Bordeaux keppni sem öflugasta vínsýning heims.

Þetta er eðlilegt, segja framleiðendur víns, þar sem undanfarin ár, síðan alheimsefnahagshrunið varð, hefur eingöngu Þýskaland upplifað hagvöxt. Iðnaðarframleiðsla í Þýskalandi, sérstaklega margskonar lúxusvara, hefur vart getað annað eftirspurn. Aðallega eru þetta dýrir bílar eins og Benz, Audi og BMW, sem hafa verið að seljast eins og heitar lummur í Asíu og Rússlandi.

Það er því afar eðlilegt að vínframleiðendur leiti inn á markað, eins og Þýskaland, þar sem er að finna einhvern uppgang, í öllu volæðinu. Undanfarin ár hafa innflytjendur hér á landi sótt þessa sýningu og hrifist af. Fréttir herma að flestir ef ekki allir íslenskir innflytjendur áfengis verði með sína fulltrúa í Düsseldorf þetta árið.

GULA SKOTTIÐ SVEIFLAST EKKI EINS OG ÁÐUR

Það eru engin takmörk fyrir því hvað ástralski dollarinn er búinn að gera mörgum áströlskum vínframleiðandanum mikla skráveifu undanfarið ár. Vegna þess hve ástralski dollarinn hefur verið einstaklega sterkur gagnvart annarri mynt, þá hefur það gert vínframleiðendum mjög erfitt að halda sölu á erlendum mörkuðum. Hér heima höfum við séð þetta þar sem öll áströlsk vín hafa verið að hækka umfram það sem vín annarra landa hafa gert.

Nú berast fréttir af því að Casella Wines, sem þekktastir eru fyrir að framleiða Yellow Tail vínin, séu í viðræðum við lánardrottina sína, þar sem þeir geta ekki greitt umsamdar afborganir af lánum. Þetta orsakast af því að Casella Wines er í fyrsta sinn á 20 árum að upplifa rekstrartap. Síðasta ár varð gríðarleg sveifla í afkomu fyrirtækisins, frá 43,5 milljóna ástralskra dollara hagnaði í 30 milljóna tap. Þetta er auðvitað kjafthögg fyrir hvaða rekstur sem er. En John Casella forstjóri og aðal




eigandi fyrirtækisins telur þó að með því að honum tækist að semja við aðal lánardrottin fyrirtækisins, verði hægt að þreya þórrann í einhver ár án mikils hagnaðar.

Við vonum bara að Nonna tækist að semja við bankann, þannig að við eigum áfram tryggan aðgang að Yellow Tail vínunum.



Gissur Kristinnsson
vínráðgjafi

VINSÆLUSTU DRYKKIRNIR 2012



Það er rétt að byrja á að fjalla um þá vöru sem flestir lítrarnir eru seldir af hér á landi, en það er bjórinn. Þegar við fjöllum um þann vinsæla drykk, þá er það hálf lítra dósinn sem er lang söluhæst.

BJÓR

í 500 ml. dós	2012	2011	Hreyfing
Víking Gylltur	1	1	0
Víking Lager	2	2	0
Víking Lite	3	3	0
Thule	4	4	0
Tuborg Gold	5	6	1
Egils Gull	6	7	1
Tuborg Green	7	5	-2
Hollandia	8	8	0
Faxe Premium	9	9	0
Egils Lite	10	10	0

Skemmst er frá því að segja að áfram eru það bjórtegundir framleiddar hér á landi sem sitja í efstu sjö sætunum. Þar eru tveir framleiðendur í algerum sérflokkum en það eru Víking Brugg á Akureyri og Ölgerðin Egill Skallagrímsson í Reykjavík. Nákvæmlega sömu fjórar tegundirnar sitja í fjórum efstu sætunum á milli ára. Þar fer fremstur í flokki Víking Gylltur, í öðru sætinu er síðan Víking Lager, í þriðja Víking Lite og í því fjórða situr Thule. Það má teljast ansi sterkt að halda öllum fjórum efstu sætunum milli ára. Svo eru það Tuborg Gold og Tuborg Green sem skipta um sæti næst á eftir þessum tegundum frá Víking Brugg. Árið 2011 endar Tuborg Green í fimmta sætinu og Tuborg Gold í því sjötta. Á síðasta ári verða breytingar meðal tegundanna frá Ölgerðinni, þá aukast vinsældir Tuborg Gold og sú tegund endar í fimmta sætinu, á kostnað Tuborg Green, auk þess sem Egils Gull laumast inn á milli Tuborg tegundanna. Árið 2012 eru þessar tegundir frá Ölgerðinni því áfram í sætum fimm til sjö, en í annarri röð en árið á undan.

Það sem er eftirtektarverðast, og auðvitað innlendum framleiðendum til hróss, er að íslensku tegundirnar skipa áfram öll efstu sætin. Það sem hins vegar gerist á milli ára er að í fyrsta sinn í fjölda ára verður sölusamdráttur á þessum vinsælustu tegundum. Niðurstaðan í sölu á vinsælustu bjórtegundum landsins er sú að samdráttur í seldum lítrum er 7% milli ára. Eina tegundin í hópnum sem nær aukningu í seldum lítrum er Egils Gull. Væntanlega má rekja þann árangur að einhverju leyti til auglýsingaherferðar þar sem lögð er áhersla á sigur tegundarinnar í stórrí alþjóðlegri bjórsamkeppni.

En vindum okkur þá að erlendu tegundunum sem stóðu sig best á síðasta ári, en það eru þrjár tegundir hvert frá sínu landinu. Fremst í flokki erlendra bjóra kemur tegundin Hollandia sem framleidd er í Hollandi og er orðinn mest seldi erlendi bjórinn í 500 ml dós. Þar á eftir kemur bjór frá frændum vorum í Danmörku, en það er tegundin Faxe Premium. Þriðji útlendingurinn er síðan tegundin Saku Original. Þó Hollandia bjórinn sé efstur meðal erlendra bjóra, selst hann í nokkuð minna magni á milli ára, þannig að samkeppnin er greinilega að aukast. Samdrátturinn milli ára, í lítrum talið, er rétt um 10%. Faxe Premium er síðan með smávægilega aukningu frá 2011 eða rétt um 2%. Af þessum þremur hæstu erlendu bjórum er það Saku Original sem nær mestri söluaukningunni milli ára. Saku Original selst í rétt um 21% fleiri lítrum en árið á undan. Það er gaman að benda á að allir þessir þrjú hæstu meðal erlendra bjóra ná í seldum lítrafjölda ekki efstu tegundinni af þeim íslensku.

Önnur skemmtileg staðreynd sem gaman er að geta er að jólabjórar ná ótrúlega hátt á listann yfir söluhæstu bjórana í 500 ml dós. Sá söluhæsti, Tuborg Christmas Brew, er í tuttugasta og fyrsta sætinu yfir heildarsölu ársins, en þar rétt á eftir fylgir Víking Jólabjór og svo Jólalagull. Auðvitað er mjög athyglisvert að þessir jólabjórar ná allir inn á listann yfir topp þrjátíu bjóra síðasta árs. eru jólnir ef til vill að verða einskonar „oktoberfest“ Íslendinga? Rétt er að taka fram að áhugi fyrir jólabjór hefur aukist ár frá ári, allt frá því fyrst var farið að selja slíkan bjór hér á landi. Að sjálfsögðu er þetta ótrúleg sala miðað við hversu


sölutímabil þessara bjórtegunda er stutt, eða rétt í kringum stórhátíðir.

Alls eru bjórtegundir sem boðnar eru í 500 ml dós um frá 13 þjóðlöndum og heildarsala á bjór í þessum umbúðum eru 9.656.362 lítrar.

Þá er næst að líta á hvernig sala hvítvínsgekk fyrir sig á síðasta ári. Fyrst spáum við aðeins í hvað var að gerast í sölu á hvítu víni í 750 ml flöskum. Þar trónir sama vínið yfir öðrum milli ára, Moselland Ars Vitis Riesling. Þetta örflítið sæta vín heillar Íslendinga eitt árið enn. Rétt er að geta þess að á meðan heildarsala í hvítvíni á flöskum eykst milli árána 2011 og 2012 verður sölusamdráttur upp á rétt um 20% í seldum lítrum á þessu vinsælasta hvítvíni landsins. Á milli ára verður breyting á víninu sem skipar annað sætið á þessum lista, Van Gogh Riesling. Þetta vín skilar söluaukningu í lítrum talið, upp á 42%. Þetta verður að teljast afgerandi stökk á milli ára en þetta er söluaukning upp á rúmlega ellefu þúsund flöskur á milli ára. Það er því nokkuð nærri því að lítrafjöldinn sem efsta vínið er að tapa á milli ára, samsvari þeim lítrafjölda sem vínið í öðru sætinu bætir við sig.

HVÍTVÍN

í 750 ml flöskur	2012	2011	Hreyfing
Moselland Ars Vitis Riesling	1	1	0
Van Gogh Riesling	2	4	2
Rosemount GTR	3	2	-1
Villa Lucia Pinot Grigio	4	7	3
El Coto Rioja Hvítt	5	3	-2
Vina Maipo Sauvignon Blanc Chardonnay	6	5	-1
Frontera Chardonnay	7	10	3
Guntrum Riesling	8	6	-2
Montes Chardonnay Reserve	9	8	-1
Moselland Riesling Kabinett	10	11	1



Vínið sem var í öðru sætinu var Ástralinn Rosemount Estate GTR, en það gefur aðeins eftir á síðasta ári. Rétt er þó að geta þess að þessi vinsæli drykkur er ekki farinn langt, heldur hefur komið sér þægilega fyrir í þriðja sætinu. Er þessi tilfærsla tilkomin vegna þess að lítrasala í Rosemount GTR er rétt um 18%.

Í fjórða sætinu er nýliði sem ættaður er frá Ítalíu, Villa Lucia Pinot Grigio. Þessi þruga og vín úr henni frá Ítalíu hafa náð gríðarlega auknum vinsældum um allan heim. Við Íslendingar erum þar engin undantekning, sem sést best á því að efsta þurra vínið í flöskuhvítvíni er ítalskur Pinot Grigio, sem bætir við sig rétt um 26% fleiri lítrum á síðasta ári en árið á undan. Annað þurrt vín vermir síðan fimmta sætið, en það er El Coto Rioja, með sölusamdrátt upp á rétt um 2,5%.

Annars má segja að neyslumynstrið í flöskuvínunum sé hið sama og undanfarin ár. Hin léttu og örlítið sætu hvítvín frá Þýskalandi njóta mestra vinsælda og eru fjögur af topp tíu vínunum í þessum flokki þýsk. Greinilegt er að sætt hvítvín er það sem þykir best þar sem þeim hefur fjölgað á topp 10 listanum milli ára. Þessi topp 10 vín eru rétt rúm 33% af allri hvítvínssölu í flöskum á síðasta ári. Ef við skoðum meðaltalsverð á selda flösku af hvítu víni sést að það hefur hækkað úr 1.349,- krónum árið 2011 upp í 1.407,- krónur á síðasta ári, sem gerir rétt um 4,3% hækkun milli ára.

Ef við lítum síðan á sölu hvíttra vína í boxum sjáum við að sami framleiðandi er þar í efsta sæti og í hvítu víni í flöskum. Þetta er hinn þýski framleiðandi Moselland, en þetta sama vín var einnig í efsta sæti hvíttra boxa árið 2011. Það er því ljóst að þessi sætleiki, léttleiki og ferskleiki er það sem selur best. Moselland Riesling Kabinett nær aukningu í seldum lítrum milli ára þó ekki sé hún mikil, eða 1,6%. Í boxunum er sama vínið í öðru sætinu milli ára. Þetta er drykkur sem framleiddur er í Suður-Afríku, að nafni Drostdy – Hof. Þetta er hins vegar þurrt vín úr þrugu sem þeir í Suður-Afríku kalla Steen, en það er þeirra heiti á Chenin Blanc sem er upprunnin í Frakklandi. Þetta vín heldu sætinu þrátt fyrir 12% minni sölu en árið á undan.

HVÍTVÍN

box	2012	2011	Hreyfing
Moselland Riesling Kabinett	1	1	0
Drostdy-Hof Steen Chenin Blanc	2	2	0
Two Oceans Fresh & Fruity	3	4	1
Trivento Mixtus Chardonnay Chenin	4	3	-1
Dr. Zenzen Liebfraumilch	5	7	2
Concha y Toro Frontera Chardonnay	6	5	-1
Two Oceans Sauvignon Blanc	7	9	2
Inycon Chardonnay Pinot Grigio	8	17	9
Guntrum Riesling	9	6	-3
Torres San Valentin	10	10	0

Vínið sem situr nú í þriðja sæti yfir mest seldu hvítvínin í boxum kemur einnig frá Suður-Afríku en þetta er Two Oceans Fresh & Fruity. Hér er á ferðinni vín sem bætir verulega í sölu á milli ára. Aukningin í lítrum talið er tæp 44%, sem verður að teljast gott. En þetta er ekki eina vínið sem nær mikilli aukningu í sölu milli ára því einfaldur, léttur og örlítið sætur drykkur frá Þýskalandi er greinilega að slá í gegn. Þetta er svokölluð Liebfraumilch frá Dr. Zenzen. Liebfraumilch er samheiti yfir léttari vín sem framleidd eru úr ódýrari þrúgutegundum en Riesling. Oftar en ekki er ein þrúgutegund ráðandi í þessum vínunum en það er Muller Thürgau. Þetta ágæta vín nær 56% aukningu á síðasta ári. Það sem einkennir hvítu boxin er að þar er mikil tilfærsla í gangi á topp 10 listanum. Þar kemur fram að sætu hvítvínin eru algerlega að halda sínu. Líkt og Dr. Zenzen er að bæta við sig að þá nær Torres San Valentin inn á listann til þess að gleðja landann.


Áður en við ljúkum þessari yfirferð á hvítum kassavínunum þá verður að geta þess að ein tegund á topp 10 listanum er alger hástökkvari þar inn. Þetta er Inycon, Chardonnay og Pinot Grigio blanda frá Sikiley á Ítalíu. Þetta er vínið sem tekur mesta stökkið á topp 10 box lista síðasta árs og eykur lítrasöluna um hvorki meira né minna en 153%.

Heildarsala hvítvínis í boxum á síðasta ári var 552.419,5 lítrar, sem er ekki nema 0,4% aukning frá árinu 2011. Vínin á topp 10 listanum eru rétt rúm 71% af þeirri sölu. Meðal verð á kassa á síðasta ári var 4.049,60 krónur og hafði hækkað um 3,4% á milli ára.

Þá er komið að því að líta á hvað var að gerast í sölu á rauðu víni í 750 ml flöskum á síðasta ári. Þar trónir á toppnum sama vínið á milli ára. Þetta er ítalskt vín frá Toscana héraði sem kallast hinu stórskemmtilega nafni Mamma Piccini, en það eykur sölu á milli ára rétt tæp 14%. En ekki er nóg með það heldur virðast Íslendingar yfirmáta hrifnir af þessum famleiðanda. Nýtt vín frá Piccini fyrirtækinu, Piccini Memoro, var kynnt til leiks á síðasta ári. Skemmst er frá því að segja að þetta vín er nú komið í annað sætið á eftir Mömmu. Með rúmlega 27 þúsund flöskur seldar er þetta vín með söluaukningu á milli ára sem nemur hvorki meira né minna en 935%!

RAUÐVÍN

750 ml flöskur	2012	2011	Hreyfing
Mamma Piccini Rosso di Toscana	1	1	0
Piccini Memoro rautt	2	127	125
Gato Negro Cabernet Sauvignon	3	4	1
Montes Cabernet Sauvignon/Carmenere	4	10	6
Piccini Rosso Toscana	5	89	84
Montecillo Crianza	6	16	10
Frontera Cabernet Sauvignon	7	2	-5
Kasaura Montepulciano d'Abruzzo	8	25	17
Trivento Mixtus Cabernet Merlot	9	5	-4
Campo Viejo Crianza	10	3	-7



En þar með er ekki öll sagan sögð því Piccini heldur áfram að koma á óvart, nú með því að eiga enn eitt rauðvínið á topp 10 listanum. Það er vín sem kallast Piccini Rosso Toscan og hefur nú tyllt sér í fimmta sæti topp 10 listans. Og öskubuskuævintýri Piccini heldur áfram, þar sem þetta vín er einnig með ótrúlega söluaukningu milli ára, eða rétt um 440%. Geri aðrir betur! Skyldi Piccini fjölskyldan eiga betri markað (auðvitað miðað við höfðatölu) í heiminum í dag?

Og ítalska sveiflan heldur áfram þar sem enn eitt ítalskt vín hefur náð inn á topp 10 rauðvínlistann. Þetta er vín frá héraðinu Abruzzo sem kallast Kassaura. Kassaura er með rétt um 120% söluaukningu á milli ára og tekur þar með þátt í að auka veg ítalskra rauðvína hér á landi. Ítölsk vín hafa gjarnan átt upp á pallborðið hjá Íslendingum, en þá hafa það helst verið vín frá héruðunum Toscana eða Veneto. Nú er sem sagt Abruzzo komið á kortið. Árið 2011 var einungis eitt ítalskt rauðvín á topp 10 listanum, en það var Mamma Piccini. Árið 2012 fjölgaði ítölunum á toppnum í fjóra, á sama tíma og rauðum Chile vínum fækkaði úr fimm í þrjú. Sveiflan er sem sagt frá nýja heiminum yfir til þess gamla.

Að lokum er rétt að geta þess að heildarsala topp 10 vínanna er rétt um 20% af heildarsölu rauðvíns í flösku á síðasta ári. Meðaltalsverð á seldra rauðvínflösku færirist lítið eitt á milli ára, þó ekki nema rétt til þess að halda í við verðbólguna, eða 5,4%. Meðaltalsverðið fer úr 1.487,- krónum árið 2011 í 1.568,- krónur árið 2012.

Þá vindum við okkur í að líta aðeins á þróun sölunnar í rauðum kassavínnum þar sem tvö efstu vínin hafa sætaskipti. Concha Y Toro Frontera Cabernet Sauvignon tekur topp sætið af Drostdy-Hof Cape red. Á sama tíma er forvitnilegt að bæði þessi vín dala í fjölda seldra lítra á milli ára. Munurinn á milli þeirra er aðeins sá að samdrátturinn verður minni hjá Frontera en Drostdy-Hof. Í þriðja og fjórða sæti koma síðan box sem eru bæði árin inni á topp 10 listanum, en bæta verulega við sig í sölu milli ára.

RAUÐVÍN

box	2012	2011	Hreyfing
Concha y Toro Frontera Cabernet Sauvignon	1	2	1
Drostdy-Hof Cape Red	2	1	-1
Gato Negro Cabernet Sauvignon	3	4	1
Piccanti Rosso Toscana	4	7	3
Trivento Mixtus Shiraz Malbec	5	3	-2
Don Simon Seleccion Tempranillo	6	6	0
Drostdy-Hof Shiraz Pinotage	7	11	4
Concha y Toro Carmener Cabernet Sauvignon	8	5	-3
Santiago Cabernet Sauvignon	9	8	-1
J.P. Chenet Cabernet Syrah	10	9	-1

Vínið í þriðja sætinu í fyrra var Gato Negro Cabernet Sauvignon sem eykur lítrasöluna um rétt rúm 27%. Í fjórða sætinu situr svo Piccini fjölskyldan með enn eitt vínið sem náð hefur vinsældum hér. Það er sem sagt ekki nóg með að Piccini bæti í sölu á flöskuvínunum, heldur er það einnig að bæta verulega við sig í seldum lítrum í boxi. Söluaukningin í Piccanti Rosso Toscana milli ára nemur rúmum 44%. Það er eins gott að Piccini fjölskyldan skelli Íslandskortinu upp á vegg á skrifstofum sínum!

Hástökkvarinn á topp 10 listanum í rauðvínboxum kemur þó frá Suður-Afríku. Þetta er hinn ungi bróðir Drostdy-Hof Cape Red, eða sá sem kallast Drostdy-Hof Shiraz/Pinotage. Þetta box skilar aukningu upp á rétt um 102%. Þetta gerir það að verkum að framleiðandinn Drostdy-Hof heldur heildartölunni í seldum lítrum á milli ára, eða rétt þar um bil. Því er ljóst að þetta er vara sem markaðurinn hér kann að meta. Þegar þessi nýi kassi kom frá þeim vaknaði


spurningin um hvort hann tæki mikla sölu frá bróður sínum. Nú ljóst að þó að það sé staðreynd að hann geri það að einhverju leyti, þá er heildarsala Drostdy-Hof í rauðum boxum mun meiri en áður.

Stórt hlutfall af heildarsölu lítra í rauðum boxum skilar sér í þessum topp 10 tegundum. Þessar tegundir standa fyrir rétt um 61% af heildarsölu þeirra. Fjöldi tegunda í sölu er því ekki að skila mörgum lítrum seldum. Meðaltalsverð á seldu boxi hreyfist aðeins milli ára. Árið 2011 var meðaltalsverðið 4.284,- krónur, en hækkaði síðan í 4.624,- krónur á síðasta ári, sem gerir rétt um 8% hækkun á milli ára.

Til þess að reyna að gera okkur einhverja grein fyrir því hvað er að gerast í sölu á sterkum og styrktum vínum er rétt að renna yfir það sem selt er í 700 og 750 millilítra flöskum af þessum drykkjum. Við fyrstu sýn er ljóst að flestar sömu tegundirnar eru inni á topp 10 listanum. Þó er það fréttæmt að íslenska Brennivínið er fallið út af topp 10 og einnig er söluhæsta gin tegundin, Beefeater, ekki lengur á listanum. Eftir stendur að í þessum flokki, sem sífellt hefur verið að dragast saman í sölu á undanförunum áratug, standa eftir vodkar, romm, sérrí, brandí og bourbon. Rétt er að geta þess að búrbon hefur ekki átt svona upp á pallborðið á síðustu árum. Það virðist vera einhver tíska í gangi, sérstaklega meðal yngri karlmanna, að drekka búrbon í kók, nú sem aldrei fyrr.

STERKT/STYRKT

700-750 ml flöskur	2012	2011	Hreyfing
Smirnoff	1	1	0
Bacardi Razz	2	2	0
Bacardi Carta Blanca	3	3	0
Harveys Bristol Cream	4	4	0
Captain Morgan Spiced Rum	5	6	1
Cortel Napoleon VSOP	6	5	-1
Tinda vodka	7	7	0
Reyka Vodka	8	12	4
Finlandia	9	8	-1
Jack Daniel's Old No. 7	10	14	4



Flestar þær tegundir sem finna má á topp 10 listanum hafa dalað í sölu ár frá ári. Eftirtektarvert er að aðeins tvær tegundir á topp 10 listanum eru með aukna lítrasölu milli ára, en það eru Reyka vodka og svo Jack Daniel's búrbónið. Söluaukningin er þó ekki í hundruðum prósentu, heldur bætir hvor tegund við sig rétt um 1%.

Þetta er í algjöru samhengi við breyttar drykkjuvenjur Íslendinga á síðustu áratugum þar sem færslan er yfir í sífellt hærra hlutfall af bjór og léttvínunum. Til að átta okkur á hvað er að gerast í hinum ýmsu flokkum sterkra vína er forvitnilegt að tína til söluhæstu tegundir í hverjum flokki og skoða hreyfingu þeirra.

Söluhæsta ginið Beefeater, sem áður var inni á topp 10 listanum, lækkar í sölu sem nemur rétt um 20%. Söluhæsti rjómalíkjörinn Bailey's dregst saman um rétt tæp 16%. Jägermeister, söluhæsti bitterinn, lækkar um rétt tæp 8%. Íslenskt brennivín lækkar um rétt tæp 20%. Svo allur í einu eins og skrattinn úr sauðarleggnum er Camus VSOP með söluaukningu á milli ára, eða sem nemur rétt um 5%. Það sama er uppi á teningnum hvað varðar söluhæsta portvínið; Cockburn's Special Reserve er með rétt um 9% aukningu. Söluhæsta blandaða skoska viskíið er ekki í þetta þægilegri stöðu, en það dalar rétt um 30% á milli ára. Blandaða írsku viskíið Jameson dalar einnig á milli ára sem nemur rétt tæpum 4%. The Glenlivet, söluhæsta Single Malt viskíið frá Skotlandi, dalar rétt um tæp 2% á milli ára. Og svo að lokum er söluhæsta Tequila tegundin Sierra Tequila Gold með rétt um 10% sölusamdrátt.

Það er því næstum því sama hvert litið er í þessum breiða hópi sterkra og styrkra vína, það er í langflestum tilvikum um að ræða samdrátt í sölu milli ára.

Til þess að skoða aðeins hvað hefur verið að gerast í léttari drykkjum, fyrir utan bjór, þá hefur gríðarleg aukning orðið í sölu á síder. Þar á síder er kallast Somersby stærstan hlut. Fyrir komu Somersby var salan í síder nokkuð jöfn og ein sænsk tegund átti algerlega markaðinn; Koppaberg. Koppaberg var til í tveimur bragðtegundum þ.e. eplasíder og perusíder. Síðan varð gríðarlegur samdráttur í tilbúnum blönduðum drykkjum, eða svokölluðum briserum. Þá

datt Somersby inn og reyndist vera rétta svarið fyrir yngra fólkið og hefur salan aukist ævintýrlega. Bara á milli árunna 2011 og 2012 hefur salan á Somersby tegundunum samanlagt farið úr 62.500 lítrum í 140.100 lítra, sem gerir aukningu upp á rétt um 124%.

SÍDER

lítrar seldir	2012	2011	Hreyfing
Somersby Apple			
dós 330ml	73.053,09	21.726,21	51.326,88
Somersby Apple			
fl. 330ml	40.565,25	40.872,48	-307,23
Somersby Blackberry			
dós 330ml	19.692,09	0,00	19.692,09
Koppaberg Apple			
dós 500ml	11.929,50	11.175,50	754,00
Koppaberg Pear			
dós 500ml	8.674,50	8.433,50	241,00
Somersby Pear			
dós 330ml	6.798,66	0,00	6.798,66
	162.725,09	84.218,69	78.506,40

Við höfum nú rúllað yfir helstu hreyfingar í sölu Vínbúðanna á síðasta ári. Það er ljóst að neyslumynstrið hreyfist alltaf eitthvað, en neyslan í lítrum talið hefur í heildina verið nokkuð svipuð á síðasta ári og var árið á undan. Söluhæstu bjórtegundir fara eilítið niður á við, en þar liggja auðvitað flestir lítrar sem seldir eru hér á landi. Á móti kemur einna helst aukningin í síder og hvítum borðvínunum. Það verður forvitnilegt að sjá að þessu ári liðnu hvað verður á toppnum árið 2013.



Gissur Kristinsson
vínráðgjafi

VÍN RÁÐGJAFAR VELJA



MARINERAÐ LAMBAFILLET MEÐ GRÍSKU SALATI

200 -250 g lambafillet á mann, fitusnyrt

Marinering:

- Ólífuoía
- Basilíka
- Timjan
- Estragon
- Rósmarín

Aðferð:

Notið ferskar kryddjurtir, þær bragðast langbest. Saxið kryddjurtirnar niður og blandið þeim saman við olíuna. Fitusnyrtið lambafilletið og saltið örlítið. Setjið í skál, hellið marineringunni yfir og setjið í kæli. Þarf að marinerast að minnsta kosti yfir nótt og best er að láta kjötið liggja í 1-2 daga. Takið kjötið úr marineringunni og látið olíuna renna af. Hitið grillið vel og grillið filletið við mikinn hita fyrst og svo á efri grindinni við vægan hita. Kryddið með salti og pipar úr kvörn. Búið til gott salat með fetaosti, svörtum ólífum og kirsuberjatómötum. Lagið góða ediksósu úr ólífuolíu, smá dijonsinnepi, hvítvínsedik og dálitlu af söxuðum, ferskum kryddjurtum. Hellið yfir salatið og berið fram strax með grilluðu kjötinu.

Lambkjöt er alveg tilvalið í páskamáltíðina, það er hægt að elda á fjölbreyttan máta og fer einstaklega vel með flestum rauðvínunum.

Það er vissulega misjafnt hvaða vín fólk vill með lambakjötinu og smekkur manna misjafn. Vínráðgjafar Vínbúðanna hafa mikla reynslu í að ráðleggja viðskiptavinum um val á víni með mat. Svona til gamans þá lét ég vínráðgjafana Sigga í Kringlunni, Sædís í Skútuvogi og Sigmar í Heiðrunu fá meðfylgjandi lambauppskrift og það þau að velja vín sem þau teldu henta vel með þessum rétti. Því miður er ekki hægt að birta nafn vinnanna en það kemur fram hverslags vín valið er, frá hvaða landi, svæði og þrúgu. En ef þið hafið áhuga á að vita hvaða vín vínráðgjafinn hefur í huga þá má að sjálfsgöðu hafa samband við hann í Vínbúðinni.



Þar sem páskaeggir eru á næsta leiti er ekki úr vegi að huga að hvað eigi að hafa í matinn og svo hvaða vín fari vel með, það er að segja ef vín verður fyrir valinu. Vissulega er hægt að neyta matar án þess að skola honum niður með víni, þó margir kjósi að gera sér dagamun með því að bjóða upp á vín með matnum.



SIGGI VÍNRAÐGJAFI KRINGLUNNI

Með þessum rétti myndi ég velja Vranec frá Makedóníu. Ástæðan er sú að rétturinn er með grísku ívafi og mér þætti gaman að brjóta aðeins upp hefðina sem hefur myndast með klassísk Rioja Reserva og fara heldur aðeins nær landinu í þrúgu sem hefur bæði ávöxtinn og krydd. Makedónía tilheyrði Grikklandi í eina tíð og er menning landanna mjög svipuð og á það sama við um matreiðsluna.



SIGMAR VÍNRAÐGJAFI HEIÐRÚNU

Þessi réttur ber öll einkenni þess að vera frá Miðjarðarhafslandi kominn, ferskar kryddjurttir, ólífur, olía og fetaostur segja okkur allt um það. Því er vel við hæfi að velja okkur vín þaðan, en æði mörg vín frá því svæði ganga vel með lambi. Spænsk, ítölsk og frönsk vín færu vel með en margt í þessum rétti passar líka einstaklega vel með víni frá Ítalíu.

Sangiovese þrúgan passar vel með lambi og osti, hefur ferskleikann og síruna til að ráða við olíuna, ólífur og tómata. Förum til Toscana þar sem þrúgan gefur af sér einstaklega góð vín. Þetta er ekki þungur réttur svo við hæfi er að velja til dæmis góðan Chianti Classico eða fagaðan Vino Nobile frá Montepulciano. Allt vín sem hafa oft einkenni sem tóna með réttinum. Kirsuber, krydd, lauf og lyng. Bon appetit.



SÆDÍS VÍNRAÐGJAFI SKÚTUVOGI

Þegar ég var búin að kíkja á uppskriftina þá var það Rioja reserve sem ég hefði valið með.

Einhverveginn finnst mér alltaf að lambakjöt og Rioja vín séu svo flott saman, svona sveitabragð af báðum. Í þessu tilfalli þá er svo mikið að ólíkum brögðum, olía rósmafinn tómatar osfrv. að mér finnst að reservan með sína nettu eik eigi vel við.

Vínið hefur líka ferska síru sem vinnur svo vel með bæði fitunni, kryddinu og tómötunum. Það er líka smá sætuvottur og ávöxtur sem á vel við grillað kjöt. Mér finnst alltaf að beiskjan sem myndast í dökku grillröndunum, mildist við ávöxtinn og sætuna.



Ég þarf ekki að velja vín, því ég fæ stórt páskaegg og sinni því án áfengis. Lambakjöt er jú gott, en páskaegg fær maður nú bara einu sinni á ári!



Páll Sigurðsson
vínráðgjafi

Með hraðlest hugans

TIL SUÐUR- FRAKKLANDS

Frakkland er gósenland fyrir mat og víná hugafólk, þar má finna mikla fjölbreytni í mat og drykk allt eftir því hvaða hérað verður fyrir valinu. Að þessu sinni er ætlunin að kynna minna þekktum héruðum Frakklands og skoða Suður-Frakkland og Rhone. Ég tek hraðlest hugans frá Íslandi beint til Lyon, hjarta matarmenningar Frakklands.

